

stundaði gisti húsið sitt, þar til hár hans var orðið hvítt. Hann var enn þá ungur og þrekmikill í anda; og þegar æðaslátturinn var ekki of ör, var hann sterkur og stöðugur. Hann var rjóður í vöngum, bakið dálítið bogið, en fótatakið stöðugt; og æðaberu hendurnar voru réttar fram vingjarnlega til allra manna. Andlit hans hafði hrukkur, sem koma af því að vera mikið úti undir beru lofti, og sem í raun rétttri er ekki annað en stöðugur sól-bruni; þess konar hrukkur gera heimskuleg andlit enn þa heimskulegri, en á fólki eins og Vilhjálmur, sem hefir djarflegt augnaráð og bros um varir, fara þær vel og bera vott um rólegt og óbrotið líf. Tal hans var fult af kjarnyrðum. Hann umgekst aðra gjarnan og aðrir umgengust hann. Það var stundum glatt í laufskálanum hjá Vilhjálmi á kvöldin, þegar dalurinn var fullur af ferðamönnum; og mentaðir menn frá skólum og borgum dáðust að skoðunum hans, sem nágrönnunum þóttu sérvizkulegar. Hann lifði í mjög heiðarlegri elli og varð betur og betur þektur með hverjum degi; orðstýr hans barst til borganna niðri á sléttunni og ungir menn, sem höfðu ferðast á sumrin upp um dalinn, töluðu saman á kaffihúsunum um Vilhjálmi í mylnunni og hina einföldu heimspeki hans. Honum var margoft boðið að heimsækja fólk utan dalsins, en var ófáanlegur til að fara nokkuð út úr honum. Hann var vanur að hrista höfuðið sbyggilega yfir tóbakspípunni sinni. "Þú kemur of seint", sagði hann. "Ég er dauður maður núna, ég er búinn að lifa og deyja. Fyrir fimtíu árum hefði hjartað í mér hoppað af fögnuði, en nú hefi ég enga tilhneigingu. En þetta er tilgangur langra lífdaga, að maður hætti að kæra sig um lífið". Eða hann sagði: "Það er að eins í einu sem langt líf er ólíkt góðri máltíð: nefnilega, að í máltíðinni kemur það bezta seinast". Eða þá þetta: "Þegar ég var drengur, var ég í vafa um og vissi varla, hvort það var ég sjálfur eða heimurinn, sem var þess verður að vera skoðaður. Nú veit ég að það var ég sjálfur og held mér við það".

Það sáust aldrei nein veikleika einkenni á honum, hann var hraustur og heilsugóður fram á síðustu stundu; en hann varð óræðnari undir það síðasta; og hlustaði tímunum saman á aðra með vingjarnlegri eftirtekt. En þegar hann talaði voru orðin